

Stefnir - Lausafjársgjöldur
Útboðslýsing

Stefnir hf.
Desember 2016

EFNISYFIRLIT

YFIRLÝSING	3
<i>Yfirlýsing rekstraraðila</i>	3
HELSTU ATRIÐI ÚR ÚTBODSLÝSINGU	4
UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN	5
<i>Starfsemi</i>	5
<i>Rekstrarfélagið</i>	5
<i>Vörslufyrirtæki</i>	6
<i>Söluaðili</i>	6
<i>Endurskoðandi</i>	6
<i>Fjárfestingarstefna</i>	6
<i>Áhætta</i>	7
<i>Almennt</i>	7
<i>Sveiflur í ávöxtun</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Áhætta tengd fjármálagerningum</i>	8
<i>Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum</i>	8
<i>Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina</i>	9
<i>Kaup og sala hlutdeildarskírteina</i>	10
<i>Sölugengi og innlausnarvirði</i>	10
<i>Ársreikningur og hálfársuppgjör</i>	11
<i>Skattamál</i>	11
<i>Rekstrarkostnaður og þóknanir</i>	11
<i>Slit sjóðsins</i>	12
<i>Viðauki I: Reglur Stefnir – Lausafjársgjöldur</i>	13
<i>Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði</i>	17

YFIRLÝSING***Yfirlýsing rekstraraðila***

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum Stefnis – Lausafjársgjóðs.

Sjóðurinn er rekinn af Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefnir hf. lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 2. desember 2016



Flóki Halldórsson,

framkvæmdastjóri

HELSTU ATRÍÐI ÚR ÚTBODSLÝSINGU

Almennt	Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útbodslýsingarinnar. Kennitala sjóðsins er 520412-9640.
Grunnmynt	Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna.
Starfsemi	Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
Rekstrarfélag	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Vörslufyrirtæki	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Söluaðili	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Kaup- og sölugengi	Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og annarra fjármálagerna sem sjóðurinn á hverju sinni.
Innlausnartími	Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi ef umsóknir berast fyrir kl. 14:30. Uppgjörstími sjóðsins er T+1.
Arðgreiðslur	Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Fjárhæð	Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 10.000 kr. að söluverði en 5.000 kr. að söluverði í áskrift.
Réttindi	Allir, sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerna, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útbodslýsingu þessari á starfsstöð Stefnis hf. að Borgartúni 19, á heimasíðu Stefnis og afgreiðslustöðum Arion banka.

UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Starfsemi

Stefnir - Lausafjársljóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en Íslandi.

Um fjárfestingarsjóði gilda aðrar reglur en gilda um verðbréfasjóði, skv. lögum nr. 128/2011, t.d. varðandi fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru rýmri skv. lögnum og geta fjárfestingarsjóðir því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og sérstaklega kaflann um fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í einni deild.

Sjóðurinn var stofnaður 3. apríl 2012.

Útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar, reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins auk upplýsingablaða má fá á skrifstofu Stefnis hf. að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Stefnis, www.stefnir.is

Fyrri útboðslýsing var gefin út 30. mars 2016. Þessi útboðslýsing er gefin út 2. desember 2016.

Rekstrarfélagið

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík (einnig nefnt „rekstrarfélagið“) fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011. Rekstrarfélagið var stofnað þann 26. september 1996 og er útgefið hlutfé að fjárhæð 43,5 millj. kr. og er það allt greitt. Félagið er að fullu í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“) og tengdra aðila. Rekstrarfélagið rekur fjölmarga sjóði um sameiginlega fjárfestingu, en yfirlit yfir þá helstu má finna í Viðauka II.

Rekstrarfélagið hefur fengið heimild til að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi félagsins felst einkum í rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hefur það á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

Stjórn Stefnis skipa Hrund Rudolfsdóttir, formaður, kt. 250369-2989, forstjóri Veritas, Jökull H. Úlfsson, kt. 200763-2119, forstöðumaður mannauðs hjá Arion banka hf., Ragnhildur Sophusdóttir, kt. 260876-6009, lögmaður hjá Arion banka, Þórður Sverrisson, kt. 240452-3169, sjálfstætt starfandi og Kristján Jóhannsson, kt. 040151-7619, stjórnarformaður Icepharma. Framkvæmdastjóri Stefnis er Flóki Halldórsson, kt. 291273-4329.

Rekstrarfélag skal starfrækja fjárfestingarsjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðuleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, sbr. 19. gr. laga nr. 128/2011.

Ef fjárfestingarsjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama

rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 128/2011.

Vörslufyrirtæki

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. („Arion“). Arion veitir alhliða bankaþjónustu og starfrækir m.a. verðbréfaþjónustu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Stjórn Arion banka hf. skipa Monica Caneman, Guðrún Johnsen, Kristín Þ. Flygenring, Benedikt Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason, Måns Höglund, Þóra Hallgrímsdóttir og John P. Madden. Bankastjóri Arion banka hf. er Höskuldur H. Ólafsson.

Stefnir hefur úthýst vörslu fjármálagerninga, uppgjöri viðskipta og fleiri verkefnum skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna hefur útvistun verkefna skv. 17. gr. engin áhrif á ábyrgð Stefnis gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stefnir getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörslufyrirtæki sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Lögbundin verkefni vörslufyrirtækis koma m.a. fram í 20. gr. laga nr. 128/2011. Í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur jafnframt fram að vörslufyrirtæki beri ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr. laganna.

Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 128/2011.

Söluaðili

Stefnir hefur úthýst markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavinum skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Bankinn annast þjónustu við þá sem vilja fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.

Endurskoðandi

Endurskoðandi sjóðsins og rekstrarfélagsins er Deloitte ehf., kt 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Fyrir hönd Deloitte ehf. fara Páll Grétar Steingrímsson, kt. 250165-4209 og Pétur Hansson, kt. 130382-4609, löggiltir endurskoðendur með endurskoðun sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Stefnir – Lausafjársgjöldur mun fjárfesta í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum. Eignasafn sjóðsins mun ekki hafa meðallíftíma (*e. duration*) sem er lengri en 60 dagar. Einstakar fjárfestingar sjóðsins munu ekki hafa lengri tíma til lokagjalddaga en 270 daga þegar fjárfesting á sér stað hjá sjóðnum. Sjóðurinn getur því fjárfest í fjármálagerningum sem upphaflega höfðu lengri líftíma en 270 daga, en aðeins þannig að gjalddagi þeirra sé innan 270 daga frá því að fjárfesting á sér stað hjá sjóðnum.

Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti (*e. repurchase agreements*) með fjármálagerninga sem eru með ábyrgð íslenska ríkisins. Með því er átt við skammtímafjárfestingu þar sem mótaðili selur sjóðnum fjármálagerning og samþykkir um leið að kaupa hann til baka aftur á fyrirfram ákveðnu verði. Hið fyrirfram ákveðna verð, sem mótaðili kaupir fjármálagerninginn til baka á, samanstendur af upphaflega kaupverði fjármálagerningsins og vöxtum. Mótaðili sjóðsins þarf að vera fjármálafyrirtæki. Sá tími þar til mótaðili kaupir fjármálagerning til baka getur verið allt að 270 dagar. Ekki eru nein takmörk á líftíma þess fjármálagernings sem liggur til grundvallar (þ.e. viðskipti er átt með) í endurhverfum viðskiptum sem sjóðurinn gerir.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta umfram 35% og að hámarki 60% af eignum sínum í skuldabréfum, skuldaviðurkenningum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Sjóðurinn hefur heimild til að binda fé sitt í afleiðum í þeim tilgangi að stunda endurhverf viðskipti með fjármálagerninga (*e. repurchase agreements*), í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðurinn nýtir sér heimildir 4. mgr. 59. gr laga nr. 128/2011. Sjóðurinn getur bundið allt að 35% í verðbréfum og peningarmarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda auk 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting sjóðsins skv. framangreindu má þó aldrei verða hærri en 40% hjá sama útgefanda.

Stefnir – Lausafjársgjöldur er fjárfestingarsjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við það sem hér kemur fram, sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda Stefnis – Lausafjársgjóðs	%
Innlán fjármálafyrirtækja.	40-100%
Víxlar, skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefna af fjármálafyrirtækjum.	0-50%
Víxlar, skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefna af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.	0-60%
Endurhverf viðskipti með fjármálagerninga (sbr. fjárfestingastefnu að ofan).	0-50%

Áhætta

Almennt

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa.

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

Áhættuflokkun

Stefnir hefur skipt sjóðum í rekstri félagsins í sjö flokka eftir staðalfráviki vikulegrar ávöxtunar sl. 5 ára. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga taka breytingum. Flokkunin grundvallast á leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (e. ESMA – áður CESR) um útreikning mælikvarðans. Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir kunna að búa við í rekstri sínum.

Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir kunna að búa við í rekstri sínum

Áhætta tengd fjármálagerningum

Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina. Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, þ.e. áhættan á að ekki reynist unnt að selja verðbréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum

1. *Markaðsáhætta* vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir sjóðsfélaga.
2. *Greiðsluáhætta*. Þar sem sjóðurinn mun eiga, kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hætta fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir selda gerninga eða að seljandi afhendi ekki gerninga sem sjóðurinn hefur keypt.
3. *Vörslu- og uppgjörsáhætta*. Rekstrarfélag sjóðsins felur vörslufyrirtæki vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glatist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkun hans eða svika. Sú hætta er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
4. *Áhætta höfuðstóls*. Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn er fjárfestur í á hverjum tíma. Þá fylgir því ávallt jafnframt áhætta að fjárfesta í hverskonar skuldaviðurkenningum um að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni. Jafnvel þó að fjárfestingar sjóðsins í samræmi við 1. – 3. tl. 1. mgr. 2. gr. reglna sjóðsins í skuldabréfum þar sem tiltekna tryggingar eru settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í

virði eða af einhverju ástæðum að þær eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Getur það leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld. Sömu sjónarmið geta einnig átt við um fjárfestingar sjóðsins í samræmi við 4. – 8. tl. 1. mgr. 2. gr. reglna sjóðsins.

5. *Verðbólguáhætta.* Þar sem sjóðurinn fjárfestir í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum sem geta verið óverðtryggð, er umtalsverð verðbólguáhætta í sjóðnum, sú áhætta skapast af því ef verðbólga til skemmri eða lengri tíma verði hærrí en ávöxtun sjóðsins. Þá rýrna eignir sjóðsins og þar með hlutdeildarskírteini sjóðsins að raunvirði.
6. *Ytri ástæður* á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegan óstöðugleika eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir sjóðsfélaga.
7. *Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum og öðrum lánveitingum sjóðsins.* Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er ávallt í innlánnum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis/fjármálafyrirtækja. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánnum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækun á virði hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn getur fjárfest bæði í óbundnum og bundnum innlánnum (stundum nefnt heildsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán) en meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Þá hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í víxlum, skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum geta útgefendur verið aðrir en íslenska ríkið og komi til greiðslufalls þeirra getur sjóðurinn og þá hlutdeildarskírteinishafar orðið fyrir tjóni, t.a.m. á formi tapaðra vaxta þar til ríkisábyrgð eru uppfyllt. Einnig ef íslenska ríkið stendur ekki við skuldbindingar sínar mun það valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni.
8. *Áhætta tengd endurhverfum viðskiptum.* Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti við fjármálafyrirtæki. Sú áhætta er fyrir hendi að mótaðili sjóðsins í endurhverfum viðskiptum geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og því þurfi sjóðurinn að ganga að undirliggjandi fjármálagerningi (veði) og selja á markaði. Fáist ekki að fullu upp í skuldbindingu mótaðila við sölu undirliggjandi eignar getur það valdið sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni til lækkunar á virði hlutdeildarskírteina.

Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 128/2011. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafns sjóðsins, rekstrarfélags, nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekrarfélags sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins. Hlutdeildarskírteinum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Stefnir hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrir en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

Kaup og sala hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi. Lágmarksfjárfesting hluta er 10.000 kr. að söluverði en lágmark í áskrift er 5.000 kr.

Umsóknir um innlausnir, sem berast söluaðila fyrir lokunartíma sjóðsins, á opunardegi Arion banka hf., ber að afgreiða samdægurs. Umsóknir, sem berast eftir þennan frest, ber að afgreiða á næsta opunardegi bankans.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:30 hvern virkan dag, sem jafnframt er opunardagur Arion banka hf. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+1, þ.e.a.s. það á sér stað næsta virka dag eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð.

Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hverju sinni.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum félagsins. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

Sölugengi og innlausnarvirði

Arion banki hf. annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd umsjón með verðmati á slíkum eignum undir eftirliti vörslufélagsins.

Sölupóknun söluaðila er innifalin í sölugengi. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis, en hvort tveggja telst vera „skírteinisgjald“.

Gjald vegna útgáfu hlutdeildarskírteina er 5.000 krónur.

Sölugengi breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum á verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Slíkar breytingar mun Stefnir hf. birta á heimasíðu sinni auk þess em Arion banki birtir þær á afgreiðslustöðum bankans.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans á gengisdag, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út einu sinni á hverjum opnunardegi.

Auk umsýsluþóknunar og afgreiðslugjalds rennur sölubóknun til Arion banka hf. fyrir sölu og innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Ársreikningur og hálfársuppgjör

Endurskoðaður ársreikningur Stefnis hf. skal vera aðgengilegur hlutdeildarskírteinishöfum eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör skal ennfremur liggja frammi á heimasíðu Stefnis eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers uppgjors til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstrarfélagsins skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

Skattamál

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Arion banki hf., vörslufyrirtæki sjóðsins, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða.

Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

Rekstrarkostnaður og þóknunir

Stefnir á rétt á þóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins sem og Arion banki hf. fyrir að hafa með höndum umsjón með reikningshaldi og vörslu fjármálagerna hans. Þá er afgreiðslugjald innheimt samkvæmt gjaldskrá Arion banka.

Öll gjöld og þóknunir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,00% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,35% p.a. Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerna sjóðsins er innifalinn í þóknun Stefnis.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess

hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Slit sjóðsins

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefni hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiddis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefni hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjör sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu.

Verkefni sem heimilað hefur verið að útvista

Stefni hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka hf., með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 18. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.

- Útvistun áhættustýringar, annarrar en áhættustýringar safna. Þar með talið er umsjón og rekstur upplýsingakerfis, umsjón og rekstur ávöxtunartreknings, umsjón og eftirlit með þeim atriðum sem snúa að rekstraráhættu, innra mat á frjálsri eiginfjárbindingu og aðstoð og ráðgjöf við útfærslu á ICAAP skýrslu.
- Útvistun innri endurskoðunar
- Útvistun bókhalds- og uppgjörspjónustu
- Útvistun markaðssetningar
- Útvistun regluvörslu
- Útvistun starfsmannamála
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna einnig verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu:

- útvistun innri endurskoðunar, sbr. 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2003
- Útvistun upplýsingakerfis, sbr. 15. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2003.

Fylgigögn

Viðauki I: Reglur Stefnir – Lausafjársljóður

Reglur Stefnis – Lausafjársljóðs

1. gr.

Heiti sjóðsins, rekstrarform og grunnmynt.

Nafn sjóðsins er Stefnir - Lausafjársljóður. Kennitala sjóðsins er 520412-9640.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Stefnir – Lausafjársljóður mun fjárfesta í innlánum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum. Eignasafn sjóðsins mun ekki hafa meðallíftíma (*e. duration*) sem er lengri en 60 dagar. Einstakar fjárfestingar sjóðsins munu ekki hafa lengri tíma til lokagjalddaga en 270 daga þegar fjárfesting á sér stað hjá sjóðnum. Sjóðurinn getur því fjárfest í fjármálagerningum sem upphaflega höfðu lengri líftíma en 270 daga, en aðeins þannig að gjalddagi þeirra sé innan 270 daga frá því að fjárfesting á sér stað hjá sjóðnum.

Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti (*e. repurchase agreements*) með fjármálagerninga sem eru með ábyrgð íslenska ríkisins. Með því er átt við skammtímafjárfestingu þar sem mótaðili selur sjóðnum fjármálagerning og samþykkir um leið að kaupa hann til baka aftur á fyrirfram ákveðnu verði. Hið fyrirfram ákveðna verð, sem mótaðili kaupir fjármálagerninginn til baka á, samanstendur af upphaflega kaupverði fjármálagerningsins og vöxtum. Mótaðili sjóðsins þarf að vera fjármálafyrirtæki. Sá tími þar til mótaðili kaupir fjármálagerning til baka getur verið allt að 270 dagar. Ekki eru nein takmörk á líftíma þess fjármálagernings sem liggur til grundvallar (þ.e. viðskipti er átt með) í endurhverfum viðskiptum sem sjóðurinn gerir.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta umfram 35% og að hámarki 60% af eignum sínum í skuldabréfum, skuldaviðurkenningum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Sjóðurinn hefur heimild til að binda fé sitt í afleiðum í þeim tilgangi að stunda endurhverf viðskipti með fjármálagerninga (*e. repurchase agreements*), í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðurinn nýtir sér heimildir 4. mgr. 59. gr laga nr. 128/2011. Sjóðurinn getur bundið allt að 35% í verðbréfum og peningarmarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda auk 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting sjóðsins skv. framangreindu má þó aldrei verða hærri en 40% hjá sama útgefanda.

Stefnir – Lausafjársljóður er fjárfestingarsjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við það sem hér kemur fram, sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda Stefnis – Lausafjársgjóðs	%
Innlán fjármálafyrirtækja	40-100%
Víxlar, skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefnar af fjármálafyrirtækjum	0-50%
Víxlar, skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefnar af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-60%
Endurhverf viðskipti með fjármálagerninga (sbr. fjárfestingastefnu að ofan)	0-50%

3. gr.

Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki og söluaðili sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Rekstrarfélagi sjóðsins er óheimilt að skipta um vörslufyrirtæki nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til bankans ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við bankann.

Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Arion banki skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útivistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins, lög nr. 128/2011 og bókhaldslög. Arion banki sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion banki senda mánaðarlega skýrslu til Seðlabanka Íslands og skýrslu um eignastöðu sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion banka ef efnið varðar þá þætti sem hann hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdarstjóra rekstrarfélags sjóðsins til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnir rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta

leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vöru eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinshafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf. Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

4. gr.

Þóknanir.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,35% á ári.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 2,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst- og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á þeim degi þegar fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttækin af söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli eru gefin fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti verða hlutdeildarskírteinin innleyst á gengi næsta virka dags. Lokunartími sjóðsins er klukkan 14.30. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+1, þ.e.a.s. uppgjorið á sér stað daginn eftir aðfyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð, svo lengi sem slík fyrirmæli eru gefin fyrir lokunartíma sjóðsins, en að öðrum kosti verða hlutdeildarskírteinin innleyst næsta virka dag þar á eftir.

Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hverju sinni.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal rekstrarfélag sjóðsins kanna hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið eða sameina hann öðrum sjóði. Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn rekstrarfélags sjóðsins.

Ákvörðun um samruna sjóðsins við annan sjóð skal tilkynna sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal m.a. hafa að geyma upplýsingar um eign hvers aðila í sjóðnum, ákvæði um skilmála samruna og dagsetningu gildistöku samrunans. Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélag sjóðsins sendir tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skal hver hlutdeildarskírteinishafi, sem ekki er samþykkuð samruna sjóðsins við annan sjóð, hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Ákvörðun um slit sjóðsins skal tilkynna sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal m.a. hafa að geyma upplýsingar um eign hvers aðila í sjóðnum, ákvæði um skilmála slita og dagsetningu gildistöku slitanna.

Komi til slita sjóðsins skal rekstrarfélag sjóðsins koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að deila niður eignum sjóðsins, í heild eða að hluta, með framsali á eignum sjóðsins til hlutdeildarskírteinishafa (e. in kind swap). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um eins árs tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir, sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Stefni hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 30. apríl. 2012,

með breytingum gerðum 22. október 2015.

Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði

Yfirlit yfir helstu sjóði sem Stefnir hf. rekur við útgáfu þessarar útboðslýsingar.

Heiti / eignaflokkur	Kennitala	Tegund
Íslensk skuldabréf		
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	671009-9910	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	630109-9810	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	650398-9129	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur	490499-9039	Verðbréfasjóður
Stefnir - Skuldabréfaval	531213-9980	Fjárfestingarsjóður
Stefnir – Lausafjársgjöldur	520412-9640	Fjárfestingarsjóður
Blandaðir sjóðir		
Stefnir - Eignastýringarsjóður	650398-9049	Fjárfestingarsjóður
Stefnir - Samval	561204-9180	Fjárfestingarsjóður
Eignaval A	511005-8920	Fjárfestingarsjóður
Eignaval B	511005-8840	Fjárfestingarsjóður
Eignaval C	511005-9060	Fjárfestingarsjóður
Eignaval Hlutabréf	591112-9880	Fjárfestingarsjóður
Íslensk hlutabréf		
Stefnir ÍS-15	470206-8450	Fjárfestingarsjóður
Alþjóðleg hlutabréf		
Stefnir - Erlend hlutabréf – ISK deild	421104-9050	Verðbréfasjóður
Stefnir - Erlend hlutabréf – EUR deild	421104-9050	Verðbréfasjóður
Stefnir - Scandinavian Fund	430407-9880	Verðbréfasjóður
Eignaval Erlent	591110-9930	Fjárfestingarsjóður
Fagfjárfestasjóðir		
Stefnir ÍS-5	4304079610	Fagfjárfestasjóður
Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn 1	640210-9900	Fagfjárfestasjóður
Alþjóða fasteignasjóðurinn	621104-9260	Fagfjárfestasjóður
Stefnir Multi Strategy Fund	621104-9340	Fagfjárfestasjóður
ABMIIF	570106-9610	Fagfjárfestasjóður
SITSF	510111-9740	Fagfjárfestasjóður
KLS	700113-9810	Fagfjárfestasjóður
OFAN VÍ	461211-9840	Fagfjárfestasjóður
REG 1	680912-9390	Fagfjárfestasjóður
REG 2 - Smáralind	621112-9960	Fagfjárfestasjóður
SRE Fjármögnun 1	701012-9920	Fagfjárfestasjóður
SRE Fjármögnun 2	701012-9840	Fagfjárfestasjóður
Ármúli lánasafn	660614-9900	Fagfjárfestasjóður
SÍA II slhf.	550512-2620	Fagfjárfestasjóður
SÍA III slhf.	420216-0920	Fagfjárfestasjóður
ST1	470916-9900	Fagfjárfestasjóður